

Nd.

13. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Kennslumálaráðherrann hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að framlengja til ársloka 1942 ákvæði 4. gr. laga nr. 74 1940, er fjallar um heimild til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 4. febrúar 1942.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.